

Umhverfisstofnun
Steinar Rafn Beck,
sérfræðingur
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 03. júní 2015
2015060001/42-6
TB
jgo/tb

Veiðar á ref til sýningar, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 28. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Melrakkaseturs Íslands um leyfi til að fanga ref til að halda í búri til sýnis fyrir ferðamenn sem heimsækja setrið.

Refurinn er eina upprunalega landspendýrategundin á Íslandi og útbreiddur um allt land. Stofninn hefur farið stækkandi á sl. 30 árum eða fram til ársins 2007 en síðasta stofnmat, 2008-2010, sýndi þó fækkun en stofnin er nú talinn vera tæplega 8000 dýr að hausti samkvæmt nýju stofnmati sem nær til 2010, sjá:

http://www.ni.is/media/dyrafraedi/spendyr/Stofnmat-a-refum_oktober-2014.pdf. Veiðar á ref eru stundaðar um allt land, allt árið um kring en grenjavinnsla fer oftast fram í maí-júlí. Árlega eru veidd um 3-5000 dýr (með yrðlingum), fullorðin dýr allt árið og yrðlingar að sumri. Þar sem tegundin er veidd í svo miklum mæli, jafnvel sem ungvíði, er það mat Náttúrufræðistofnunar að það hafi engin áhrif á stofninn ef einn til tveir yrðlingar eru fangaðir í þeim tilgangi að hafa þá sem sýningardýr. Þar sem um villt dýr er að ræða telur Náttúrufræðistofnun að tryggja verði að aðbúnaður sé í samræmi við þarfir dýrsins og umhirða í höndum aðila sem hefur kunnáttu og þekkingu sem til þarf en vísar stofnunin að öðru leyti til laga um velferð dýra nr. 55/2013 hvað varða ábyrgð á að fylgja þessu eftir.

Erfðaflæði innan refastofnsins á Íslandi er talsvert heft vegna landfræðilegra hindrana og bendir það til þess að far milli svæða innanlands sé takmarkað. Þannig gætu sjúkdómar og sníkjudýr í refum verið bundin við ákveðin landsvæði, á sama hátt og vissar arfgerðir. Ekki er talið að villtir refir á Íslandi beri sjúkdóma sem geta borist í menn en það gæti verið skaðlegt staðbundnum stofni ef refur frá öðru landsvæði sleppur út.



Ef villtur refur er hafður í haldi til sýninga er best að mati Náttúrufræðistofnunar að hann sé fangaður sem næst því svæði þar sem sýningastaðurinn er staðsettur.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

